



Jafnréttisstefna

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

17. Janúar 2020

Markmið og gildissvið

Hjá þjóðgarðinum á Þingvöllum er jafnréttis gætt og hver starfsmaður er metinn og virtur að verðleikum. Markmiðið með Jafnréttisstefnu er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði. Það á við um ráðningar, starfsþróun, launakjör, starfsaðstöðu, menntun og tækifæri til að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Einelti eða önnur óæskileg hegðun eins og kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin.

Jafnréttisstefnan byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt 18. gr laganna er henni ætlað að setja aðgerðabundna áætlun um hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19. – 22. gr. laganna.

Jafnréttisstefna þjóðgarðsins á Þingvöllum tekur til allra þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá þjóðgarðinum, ótímabundið eða til skemmri tíma.

Jafnréttisstefnuna skal endurskoða að minnsta kosti á tveggja ára fresti en oftar ef þörf krefur.

Þingvellir 27.01.2023

Þjóðgarðsvörður

Einar Á.E.Sæmundsen

Laus störf eru óháð kyni

Öll laus störf skulu standa jafnt konum sem körlum til boða og teljast því hvorki kvenna né karlastörf. Þegar ráðið er í ný störf skal meðal annars tekið tillit til kynjahlutfalls þannig að ekki halli á annað kynið.

Launajafnrétti

Samkvæmt kjarasamningum skulu konum og körlum sem starfa hjá þjóðgarðinum á Þingvöllum greidd sömu laun fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf, einnig samkvæmt skilyrði 19. gr. jafnréttis laga og öðrum lögum og kröfum sem gerðar eru. Stjórnendur stofnunarinnar skuldbinda sig til að vinna að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum. Komi í ljós launamunur á jafn verðmætum og sambærilegum störfum skal hann leiðréttur ef ekki er hægt að rökstyðja hann á málefnalegum grundvelli gildandi stofnanasamninga. Stefna um launajafnrétti skal kynnt við upphaf starfs

Starfsþjálfun og endurmenntun

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til starfsþjálfunar og endurmenntunar og fá þannig tækifæri til að auka þekkingu og hæfni m.a. vegna faglegrar þróunar og nýjunga í starfsemi.

Samræming fjölskyldu og atvinnulífs

Þar sem því verður við komið býðst konum og körlum að skila vinnuframlagi með sveigjanlegum vinnutíma samkvæmt gildandi viðmiðunum og reglum. Með sveigjanlegum vinnutíma hafa konur og karlar betri möguleika en ella til að samræma starf og fjölskyldulíf. Foreldrar eru hvattir til að skipta með sér að vera heima vegna veikinda barna. Verðandi feður og mæður eru hvött til að nýta sér fæðingarorlof.

Kynbundið ofbeldi eða áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni eða kynferðisleg áreitni, einelti eða önnur ótilhlýðileg háttsemi er ekki liðin hjá þjóðgarðinum á Þingvöllum. Leiðbeiningar fyrir starfsfólk og stjórnendur ef bregðast þarf við vegna þessara mála er að finna á innri vef.

Laus störf

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Árlega er gerð samantekt á hlutfalli kynja, þar skal koma fram yfirlit yfir auglýst störf á árinu, fjölda kvenna og karla sem sóttu um störf og hvort karl eða kona var ráðin til starfa.	Þjóðgarðsvörður Verkefnastjóri	Gerð samantektarinnar skal lokið fyrir 1. mars vegna ársins á undan

Ávallt skal fylgja lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Á innri vef eru leiðbeiningar varðandi auglýsingar starfa og fyrirkomulag við val á umsækjendum um störf og ráðningar. Þjóðgarðsvörður ásamt verkefnastjóra fara yfir þessar leiðbeiningar einu sinni á ári til upprifjunar og endurskoðunar.	Þjóðgarðsvörður Verkefnastjóri	Yfirferð leiðbeininga skal lokið fyrir 1. nóvember
---	-----------------------------------	--

Launajafnrétti

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Árlega skulu launakjör starfsmanna þjóðgarðsins skoðuð með tilliti til jafn verðmætra og sambærilegra starfa. Komi órökstuddur launamunur í ljós við launagreiningu skal hann leiðréttur með skriflegum rökstuðningi.	Þjóðgarðsvörður Verkefnastjóri	Laun skulu skoðuð fyrir 1. júní Launaleiðréttingu skal lokið eigi síðar en sex mánuðum eftir að launagreining hefur farið fram.
Eftir að launagreining hefur verið gerð, skal kynnt fyrir starfsmönnum hvort þurft hefur að gera leiðréttingar og þá í hvað mörgum tilfellum. Um leið er minnt á stefnuna um launajafnrétti.	Þjóðgarðsvörður Verkefnastjóri	Kynning fer fram á starfsmannafundi eftir að launagreining hefur farið fram.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Árlega skal gerð samantekt þar sem fram kemur hve margar konur og hve margir karlar í sambærilegum störfum hafa sótt endurmenntun.	Þjóðgarðsvörður Verkefnastjóri	Samantekt skal lokið fyrir 1. mars vegna ársins á undan
Komi í ljós munur á aðgengi starfsfólks til endurmenntunar skal grípa til aðgerða þar að lútandi. Í starfsþróunarsamtölum er farið	Þjóðgarðsvörður Verkefnastjóri	Aðgerðum skal ljúka eigi síðar en mánuði eftir að eftir að samantekt hefur verið gerð.

yfir óskir starfsmanna varðandi endurmenntun.		
---	--	--

Samræming fjölskyldu og atvinnulífs

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Upplýsingar um sveigjanlega vinnutíma eru aðgengilegar á innri vef. Árlega skal starfsfólki kynntur réttur varðandi veikindi barna og töku fæðingarorlofs. Nýliðum skulu einnig kynnt sömu réttindi.	Þjóðgarðsvörður Verkefnastjóri	Réttur varðandi veikindi barna er kynntur á starfsmannafundi. Nýliðum er kynntur rétturinn við ráðningu í starf.

Kynbundið ofbeldi eða áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal árlega gert áhættumat þar sem m.a. eru metnir áhættuþættir í vinnuumhverfi.	Þjóðgarðsvörður Verkefnastjóri	Gerð áhættumats skal lokið fyrir 1. maí.
Starfsfólk skal hvatt til að kynna sér verkferla varðandi einelti og aðra ótilhlýðilega háttsemi á innri vef.	Þjóðgarðsvörður Verkefnastjóri	Gert á fyrsta starfsmannafundi ársins

Ábyrgð á framkvæmd Jafnréttisstefnunnar hafa framkvæmdastjóri og stjórnendur þjóðgarðsins Verkefnastjóri ber ábyrgð á eftirfylgni stefnunnar.

Jafnréttisstefnan er kynnt fyrir starfsfólki starfsmannafundi ár hvert og er hún aðgengileg á heimasíðu þjóðgarðsins á Þingvöllum.